



SIGLINGASTOFNUN

Alþingi  
samgöngunefnd  
Við Austurvöll  
105 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 135/84*  
*komudagur 5.11.2007*

Kópavogi, 03.11.2007  
Tilv. 023  
HJ

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum (geymslugjald og heimild til að fresta framkvæmdum), 93. mál.**

Siglingastofnun Íslands vísar til bréfs samgöngunefndar dags. 19. október 2007, þar sem sent er til umsagnar stofnunarinnar frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum (geymslugjald og heimild til að fresta framkvæmdum), 93. mál.

Siglingastofnun gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins, enda var frumvarpið unnið í samráði við Siglingastofnun.

Virðingarfyllst,

f. h. Siglingastofnunar Íslands,

Hermann Guðjónsson, siglingamálastjóri

Afrit: Minnisblað Siglingastofnunar til samgönguráðherra, dags. 28. júní 2007

# Minnisblað

**Til:** Samgönguráðherra, Kristjáns L. Möller  
**Frá:** Siglingastofnun  
**Dags:** 28. júní 2007  
**Varðar:** Samdráttur í sjávarútvegi - hafnir í vanda

## Almennt

Miklar breytingar hafa orðið til hins verra á rekstrarumhverfi flestra hafna á landsbyggðinni undanfarin ár og nú þegar fyrir liggur að draga verður úr þorskveiðum á næstu árum er ljóst að enn syrtir í álinn hjá mörgum þeirra.

Með tilkomu hafnalaga nr. 61/2003 var ákveðið að breyta kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga við hafnarframkvæmdir. Breytingin er á þann veg að ríkið mun að mestu draga sig út úr kostnaðarpáttöku í viðlegumannvirkjum nema í allra minnstu höfnunum (hafnarsjóðir með undir 20 m.kr. í tekjur) en þar mun hlutur ríkissjóðs hækka úr 60% í 90%. Í lögnum var upphaflega bráðabirgðaákvæði þess efnis að heimilt væri að styrkja framkvæmdir í höfnum samkvæmt eldri hafnalögum nr. 23/1994 til ársloka 2006 og skyldi þá lögð sérstök áhersla á að jafnsetja hafnir í framkvæmdalegu tilliti. Á grundvelli þessa ákvæðis voru mörg endurbyggingarverkefni sett inn á samgönguáætlun árána 2003-2006. Ekki tókst að halda þeim framkvæmdahraða við umrædd verkefni, sem samgönguáætlun 2003-2006 gerði ráð fyrir. Ástæðan var í mörgum tilfellum bág fjárhagsstaða hafnarsjóðanna þannig að þeir gátu ekki fjármagnað heimahluta framkvæmdanna en einnig var um að kenna þenslu í þjóðfélaginu og þá sérstaklega á verktakamarkaði. Vegna þessa ástands var hafnalögnum breytt með lögum nr. 11/2006 og bráðabirgðaákvæðið um kostnaðarpáttöku ríkissjóðs samkvæmt eldri lögum framlengt til árloka 2008.

Enn stöndum við í sömu sporum. Sjávarútvegur í mörgum byggðarlögum hefur dregist saman. Hafnirnar hafa ekki treyst sér til að hækka aflagjald eins og rætt var um þegar ný hafnalög voru í undirbúningi fyrir um 5 árum. Tekjur margra hafnarsjóða hafa dregist saman og hafnarsjóðir, t.d. á Vestfjörðum, hafa ekki haft bolmagn til að setja af stað framkvæmdir við endurnýjun hafnarmannvirkja. Ef samdráttur veður í kvóta næstu árin verður tekjusamdráttur þessara hafnarsjóða, sem fyrst og fremst byggja á sjávarútvegi, enn tilfinnanlegri. Þá er enn sama þenslan á verktakamarkaðinum, lægstu tilboð eru oft hærri en kostnaðaráætlun og einnig eru nokkur dæmi þess að ekkert tilboð fáið í verkefni, nú síðast í þessari viku þegar opna átti tilboð í hafnarframkvæmdir í Grímsey. Af þessum ástæðum hefur því ekki tekist fylgja samgönguáætlun hvað varðar framkvæmdahraða í hafnarframkvæmdum. Ef fylgja á samgönguáætlun virðist nauðsynlegt að auka fjárstuðning ríkisins til framkvæmda í verst settu höfnunum. Það mætti annaðhvort gera með því að breyta hafnalögnum hvað varðar kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga eða með því að vísa til tekjubrests ákveðinna hafna og veita þeim sérstaka styrki til að fjármagna heimahlutann.

**Vegna bágrar stöðu hafnarsjóða á landsbyggðinni leggur Siglingastofnun til að ákvæði hafnalaga um framlög ríkisins til framkvæmda í höfnum verði endurskoðað. Áður en hafist verði handa um endurskoðunina verði í ljósi aðstæðna strax tekin ákvörðun um að framlengja enn á ný um tvö ár, eða til ársloka 2010, ákvæði til bráðabirgða um að heimilt sé að greiðslupátttaka ríkisins fylgi eldri hafnalögum frá 1994. Með því móti væri hjá því komist að ýta illa stöddum hafnarsjóðum út í enn frekari skuldsetningu vegna framkvæmda sem hugsanlega gætu beðið í nokkur ár. Eins og ástandið er nú er ákveðinn hvati í því að ráðast í endurnýjun mannvirkjanna áður en ákvæði 24. gr. hafnalaganna koma til framkvæmda.**

**Í minnisblaði þessu er einungis tæpt á helstu atriðum málsins og óskar Siglingastofnun eftir fundi með þér til að gera betri grein fyrir einstökum þáttum þess.**